

## **Fundur í stjórn nemendafélagsins 1. febrúar 2019**

Mættir fulltrúar nemenda úr 7.-10. bekk: Jósef, Una Karen, Eypór, Lillý, Auður Bríet, Magnús Elí, Þórður Ari og Katrín Eva. Kristbjörg, deildarstjóri, stjórnaði fundi og ritaði fundargerð. Óskar, skólastjóri, sat fundinn.

### Dagskrá fundarins:

- Nemendamat á mið- og unglingastigi
- Íþróttadagurinn 22. febrúar 2019
- Ný skráning í Mentor fyrir 8.-10. bekk
- Önnur mál

Um þessar mundir taka nemendur mið- og unglingastigs þátt í að meta gæðagreiini um jafnrétti. Í þeirri vinnu rökræða nemendur styrkleika og veikleika í skólastarfinu og koma með tillögur að úrbótum.

Íþróttadagurinn verður að þessu sinni þann 22. febrúar nk. Dagskráin rædd og breytingar viðraðar. Árskóli er þátttakandi í Skólahreystikeppni á Norðurlandi sem fram fer á Akureyri þann 3. apríl nk. Á íþróttadeginum verður vakin sérstök athygli á keppninni og valgreininni “Skólahreysti” sem kennd er við skólann. Umræður um körfuboltakeppni milli 10. bekkinga og starfsfólks skólans á íþróttadeginum.

Kristbjörg sagði frá því að komin væri inn ný skráning (punktur) í Mentor. Þetta verður kynnt fljótlega í nemendahópunum á unglingastigi. Fáir nemandi merkinguna “Vinnur mjög vel í kennslustund” á hann kost á að ræða við kennara sinn í sömu grein og fá fellda niður 1-2 punkta á móti, t.d. punkta vegna lítills vinnuframlags í kennslustund eða truflunar í kennslustund.

### **Önnur mál:**

Rætt um tækjalausar frímínútur og ósk nemenda í 10. bekk um að þær verði endurskoðaðar þannig að stundum megi nemendur vera með tæki í frímínútum.

Rætt um vinaliðafrímínútur á unglíngastígi. Skólastjórnendur eru að reyna að fá íþróttahúsið í löngu frímínúturnum á þriðjudögum og föstudögum. Það myndi þýða að Vinaliðaleikir yrðu í öllum frímínútum.

Nemendur óskuðu eftir að ræða um mótuneytið. Þeir sögðu frá því að þeir hefðu ítrekað fundið hár í mat eða heyrt aðra nemendur kvarta undan slíku. Nemendur óska eftir að málið verði rætt bæði í mótuneytiseldhúsi og í framleiðslueldhúsi.

Nokkrar umræður urðu um matseðilinn. Nemendur voru sammála um að maturinn væri oft mjög góður. Þeir vildu þó koma því á framfæri að þeim þætti ekki gott að alltaf væri fiskur á þriðjudögum, sem væri sá dagur sem allir nemendur unglíngastígs væru eftir hádegi í skólanum. Einnig söknuðu þeir þess að fá ekki eftirrétt oftár. Þeir voru vissir um að slíkt hefði átt að vera í boði einu sinni í mánuði.

Nemendur vilja gjarnan hitta Eið og Stínu á fundi

Fleira ekki rætt og fundi slitið,  
Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs